

Alþingi
Erindi nr. P 137/174
komudagur 12.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. júní 2009.

Umsögn um þingmál 38, aðildarumsókn að Evrópusambandinu, og þingmál 54, undirbúningur mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu.

Fyrst ber að gera smá leiðréttingu. MATVÍS er núna Matvæla- og veitingafélag Íslands. Fyrrum aðildarfélög Matvæla- og veitingasambands Íslands sameinuðust í eitt félag árið 2006.

Þingmál 38. Það ber að fagna að frumvarp þetta er komið fram og vonandi fær það hraða og jákvæða meðferð í þinginu þannig að ríkisstjórnin geti lagt inn umsókn um aðild að Evrópusambandinu.

Varðandi þingmál 54, er ekki annað að sjá en það sé sett fram til þess eins að tefja aðildarumsókn og halda okkur enn lengur í fjötrum gjaldmiðils, sem að íslenska krónan er sannarlega.

Fyrirhönd MATVÍS


Þorsteinn Gunnarsson